

Alþingi
Erindi nr. P 132/2171
komudagur 31.5.2006



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

FASTEIGNAMAT RÍKISINS

Borgartúni 21 • 105 Reykjavík • ☎ 515 5300
Fax 515 5310 • fmr@fmr.is • www.fmr.is

Reykjavík, 29. maí 2006
Tilvisun: 06050182/04.10/ÁGB

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skráningu og þinglýsingu skipa

Fasteignamati ríkisins hefur borist beiðni frá samgöngunefnd Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um skráningu og þinglýsingu skipa, þskj. 976 -666. mál.

Á vegum Fasteignamats ríkisins stendur nú yfir forritun á viðbót við þinglýsingarkerfi Landskrár fasteigna að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Þegar þeirri vinnu verður lokið mun því markmiði vera náð að þinglýsingar fasteigna sem og bifreiða, skipa, flugvéla og lausafjár fara fram í sama kerfinu, sem telja verður að hafi mikið hagræði fyrir þinglýsingardeildir sýslumannsembættanna.

Helsti annmarki á núverandi skipan mála varðandi þinglýsingu skipa er flutningur á þinglýstum skjölum þegar breyting verður á skráningu skips, þannig að það flyst úr einu umdæmi sýslumanns í annað. Aðgangur að skönnuðum þinglýstum skjölum ætti að geta komið í veg fyrir þennan skjalaflutning. Nýlega hafa öll sýslumannsembætti (að sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli undanskildum) hafið skönnun skjala í kjölfar þinglýsingar. Þinglýst skjöl eru því aðgengileg miðlægt í gegnum tölvukerfið án tillits til þess í hvaða embætti skjalinu er þinglýst. Þau eru vistuð rafrænt hjá Fasteignamati ríkisins.

Leiða má hugann í þessu sambandi að skipan þinglýsinga á Íslandi. Mikil endurskoðun hefur farið fram og er enn í gangi á tilhögun þinglýsinga á Norðurlöndunum. Sérstaklega er verið að skoða hvort þinglýsing eigi að vera miðlæg á einum stað og eins er verið að skoða möguleika á rafrænni þinglýsingu ákveðinna skjala. Velta má þeirri spurningu upp hvort slík endurskoðun sé að verða tímabær hér á Íslandi og þá fyrir allar tegundir eigna - í stað þess að hafa mismunandi reglur í gildi.


Þess má geta að Fasteignamat ríkisins fékk nýlega vottun frá Bresku staðlastofnuninni, BSI, samkvæmt BS 7799-2:2002 staðli um stjórnun upplýsingaöryggis. Undirbúningur vottunarinnar stóð í 3 ár og aðstoðaði IMG ráðgjöf Fasteignamat ríkisins við undirbúning og innleiðingu. Fasteignamat ríkisins er eina opinbera stofnunin sem hlotið hefur slíka vottun en fimm íslensk fyrirtæki hafa hlotið vottun.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins er það helst 41. gr. sem gæti valdið vandkvæðum þar sem opnað er fyrir þann möguleika að taka til dagbókarfærslu skjöl skönnuð inn hjá öðru sýslumannsembætti. Þetta er nýmæli í framkvæmd þinglýsinga sem þyrfti þá að kynna sérstaklega vel. Verður að telja að hætta sé á að þinglýsingarbeiðandi standi í þeirri trú að afhending skjals hjá því sýslumannsembætti sem skannar inn skjalið hafi lögformleg áhrif, en svo er ekki samkvæmt frumvarpinu. Engin ábyrgð er lögð á móttökuembættið, enda þyrfti

hún þá að vera skilgreind í frumvarpinu. Þessu fylgja ákveðin praktísk vandamál. Skjal er t.d. ekki frumkannað fyrr en við móttöku á skannaða skjalinu og sé eitthvað að því sem veldur því að skjalið sé ekki tækt til dagbókarfærslu, sbr. 6. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978, þarf að senda frumritið til baka til þinglýsingarbeiðanda svo hægt sé að bæta úr ágöllum.

Að öðru leyti hefur Fasteignamat ríkisins ekki athugasemdir við frumvarpið sjálft eða aðrar einstakar greinar þess. Stofnunin hafði tækifæri til þess að koma með ábendingar við samningu frumvarpsins. Tekið er fram að stofnunin telur það ekki vera í hlutverki þess að taka afstöðu til þess hvort þinglýsing skipa skuli vera miðlæg eða dreifð á öllum embættum sýslumanna.

F.h. Fasteignamats ríkisins



Margrét Hauksdóttir

Margrét Hauksdóttir